

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1173 Benchmark Genetics Iceland hf. Seljavogur	Seljavogur 14 233 Hafnir	Árni Rafn Rúnarsson Gæðafulltrúi Dircelene Almeida Aðstoðarstöðvarstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	3.10.2024	22.10.2024	6,5	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 5 skoðunatriða af 14. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 3 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik

Frávik

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Niðurstaða eftirlits

Jónína Guðmundsdóttir eftirlitsmaður Matvælastofnunar fór í reglubundið eftirlit hjá Benchmark í fiskeldisstöðina að Kirkjuvogi þann 3. október 2024. Gengið var um fiskeldisstöð og eldisker yfirfarin ásamt því að varnir gegn stroki voru skoðaðar. Farið var yfir gæðakerfi og skráninga fiskeldisstöðvarinnar á skrifstofu fiskeldisstöðvarinnar.

Kallað var eftir frekari upplýsingum frá eftirlitsþega í tölvupósti m.a. er varða gæðahandbók, þjálfun starfsfólks o.fl. og voru þau gögn yfirfarin á skrifstofu Matvælastofnunar.

Matvælastofnun kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika í eftirlitsskýrslu þessari og Matvælastofnun mun hafa eftirfylgni með frávikum.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Benchmark Genetics Iceland hf. Seljavogur
Seljavogur 14
233 Hafnir
Staða: Í gildi
Kennitala: 6203911079

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 11

Tengiliðir

Ella Kristín Geirsdóttir	6912975	ella.geirsdottir@bmkgenetics.com	Gæðastjóri
Andri Rúnar Sigurðsson	6620317	andri.sigurdsson@bmkgenetics.com	Stöðvarstjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Sett inn: 17.10.2024

Matvælastofnun óskaði eftir því við eftirlitsþega að fá sendar í tölvupósti yfirlitsmyndir fyrir eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli, niðurföll og varnir gegn stroki í frárennsli. Ekki barst yfirlitsmynd fyrir niðurföll í gólfi.

Frávik

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 17.10.2024

Ristar á gólfi þar sem minnstu seiðin eru alin eru of stórar miðað við stærð seiðanna og því þarf að minnka ristar í gólfi.

Frávik

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Sett inn: 17.10.2024

Ekki var til staðar var net til að endurheimta fisk. Ávallt þarf að vera til staðar net þrátt fyrir að stöðin sé með lokað kerfi þar sem strok geta átt sér stað í gegnum niðurföll í gólfi.

Matvælastofnun bendir á að gott getur verið að halda verklega þjálfun fyrir starfsfólk um strok og hvernig bregðast eigi við, m.a. hvar leggja eigi net.

Frávik

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Sett inn: 17.10.2024

Í viðbragðsáætlun þarf að uppfæra eftirfarandi atriði:

- Ekki þarf að vera um rökstuddan grun um strok heldur er nóg að um sé að ræða grun um strok.
- Uppfæra þarf netfang til þess að tilkynna strok til Matvælastofnunar í fiskeldi@mast.is

Í lagi

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Jónína Guðmundsdóttir
jonina.gudmundsdottir@mast.is
Séfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikíð það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftriflygniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis